



ERINDISBRÉF

fyrir

MENNINGAR-, TÓMSTUNDA- OG ÍPRÓTTANEFND

Blönduósbæjar

Erindisbréfið skiptist í tvo kafla.

Fyrsti kafli er um almennar vinnureglur fyrir alla þá sem sæti eiga í nefndum á vegum sveitarstjórnar kjörtímabilið 2014-2018. Reglurnar eru grundvallaðar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011, með síðari breytingum, samþykktum um stjórn og fundarsköp Blönduósbæjar sem samþykkt var í sveitarstjórn 13. maí 2014 og af innanríkisráðuneytinu 10. ágúst 2006, sem og viðteknum venjum um nefndarstörf á vegum bæjarfélagsins.

Annar kafli fjallar um verksvið og markmið nefndarinnar. Verksvið nefnda er ýmist tilgreint í lögum, reglugerðum eða samþykkt um stjórnun Blönduósbæjar. Allar ákvarðanir nefnda eru tillögur til sveitarstjórnar og þurfa þar formlega jákvæða afgreiðslu til að öðlast gildi. Formenn nefnda skulu fylgjast með afgreiðslu sveitarstjórnar og kynna meðnefndarmönnum niðurstöður.

Nefndir Blönduósbæjar skulu leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir þeirra og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

I. Kafli

Umboð og hlutverk nefnda Blönduósbaejar

1. gr.

Forseti sveitarstjórnar eða sveitarstjóri í umboði hans boða til fyrsta fundar nefndar eftir að hún hefur verið skipuð.

2. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Á fyrsta fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndarinnar. Ritari heldur gjörðabók nefndar.

3. gr.

Gjörðabók skal ávallt skila strax eftir fund á bæjarskrifstofu og skal hún varðveitt þar milli funda.

Í gjörðabók skal skrá eftirfarandi:

1. Hvar fundur er haldinn, hvaða dag, ár og hvenær fundur hefst.
2. Dagskrá fundar.
3. Allar afgreiðslur.

Heimilt er að skrá dagskrárlið og afgreiðslu hans í trúnaðarbók. Ef mál er þess eðlis að það er trúnaðarmál skal skrá í gjörðabók að erindi sé bókað þar. Í trúnaðarbók skal aðeins skrá viðkvæm persónuleg málefni sem ekki skipta máli fyrir almenning eða málefni sem ekki er tímabært að gera opinber. Allir nefndarmenn skulu rita nöfn sín undir fundargjörð, enda hafi hún áður verið lesin upp og einstökum nefndarmönnum gefinn kostur á að gera athugasemdir, þær færðar til bókar, gera leiðréttingu þar sem rangt er skráð eða ónákvæmt. Hafi nefnd kallað til fundar einhvern þann sem tengist afgreiðslu mála skal þess getið sérstaklega og þá einnig ef viðkomandi vikur af fundi áður en fundi lýkur. Hafi nefnd borist gögn sem hún hyggst kynna sveitarstjórn skal þess getið í fundargerðinni. Sé dagskrárliðurinn önnur mál í boðaðri dagskrá skal taka mál þar upp eftir því sem fundarmenn óska. Það skal þó aðeins gert eftir að formaður hefur kannað hvort 2/3 fundarmanna samþykki að taka upp tilgreint málefni, ef ekki skal málið vera sérstakur dagskrárliður á næsta fundi nefndarinnar.

4. gr.

Nefndarfundir skulu boðaðir af formanni í samráði við starfsmann skrifstofu eða sveitarstjóra, skriflega með a.m.k. eins dags fyrirvara. Heimilt er að boða fundinn á rafrænan hátt samþykki nefndarmenn slíkan máta á fundarboðun. Dagskrá fundar skal koma fram í fundarboði. Ef sérstaklega stendur á má boða fund símleiðis. Það skal gert þegar brýnt er að taka ákvörðun um tiltekið mál og tryggt er að meirihluti nefndarmanna sé því meðmæltur að mál beri að með þeim hætti.

Geti aðalmaður í nefnd ekki sótt boðaðan fund, skal hann gera formanni grein fyrir því og sjá um að varamaður mæti í sinn stað. Með sama hætti skal sá sem veit um fjarveru sína um skemmri eða lengri tíma, tilkynna formanni fjarveruna fyrirfram, þannig að formanni gefist tækifæri til að boða varamann á meðan fjarvera varir.

5. gr.

Laun fyrir nefndarstörf eru ákvörðuð af sveitarstjórn og greiðast á þriggja mánaða fresti á bæjarskrifstofu, skv. undirskriftum nefndarmanna í fundargerðarbók.

6. gr.

Ákvæði III. kafla (Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp) og VI. kafla (Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en byggðaráð) samþykktu um stjórn Blönduósbæjar gilda um meðferð mála í nefndum eftir því sem við á. Boða skal starfsmenn bæjarins til funda eftir því sem málefni gefa tilefni til. Ávallt skal boða sveitarstjóra á fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt á fundum.

7. gr.

Nefndarmenn skulu almennt gæta trúnaðar þegar málefni einstaklinga eru til umfjöllunar svo og þegar það er sérstaklega fram tekið um önnur málefni. Það þýðir að málefnið skal eigi ræða utan nefndar. Brjótí nefndarmaður umbeðinn trúnað getur það orsakað fyrirvaralaus brottvikningu úr nefnd.

8. gr.

Nefndarmenn eru hvattir til að vera áhugasamir, samviskusamir og sýna frumkvæði í störfum sínum. Þeir eru hvattir til að kynna sér hvert mál af gaumgæfni og afla sér þeirra upplýsinga sem þeir telja þörf á hverju sinni. Starfsfólk bæjarins á að veita þær upplýsingar sem um er beðið vegna einstakra mála eða útvega þær, sé þess þörf frá aðilum utan bæjarins.

II. kafli

Stjórnskipuleg staða, verksvið og markmið Menningar-, tómsunda- og íþróttanefnd

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Menningar-, tómsunda- og íþróttanefnd er skipuð af sveitarstjórn Blönduósbæjar og fer hún í umboði sveitarstjórnar með þessa málaflokka sveitarfélagsins sem henni eru falin eins og nánar er kveðið á um í 1. kafla erindisbréfs þessa. Nefndin tilheyrir fræðslu-, félags- og menningarsviði Blönduósbæjar.

2. gr.

Í menningar-, tómsunda- og íþróttanefnd eiga sæti 5 aðalmenn og jafnmargir til vara.

3. gr.

Kjörtímabil menningar-, tómsunda- og íþróttanefndar er hið sama og sveitarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa á sveitarstjóri rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi menningar-, tómsunda- og íþróttanefndar sé þess óskað.

4. gr.

Formaður nefndarinnar, í samráði við starfsmenn bæjarskrifstofu, ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr fundi í samráði við starfsmenn bæjarskrifstofu sem sjá um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina og útbúa í samráði við formann skriflegt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum.

5. gr.

Tíðni funda menningar-, tómsunda- og íþróttanefndar fer eftir erindum og málefnum hverju sinni. Nefndarformaður stýrir fundum. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum

tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess sem ekki á seturétt á fundinum.

II. Verksvið

6. gr.

Menningar-, tómsunda- og íþróttanefnd, í umboði sveitarstjórnar, lætur menningar-, tómsunda- og íþróttamál bæjarfélagsins til sín taka eftir því sem kveðið er á um í erindisbréfi þessu. Nefndin er sveitarstjórn til ráðuneytis varðandi menningar-, tómsunda- og íþróttamál bæjarfélagsins.

Verksvið Menningar-, tómsunda- og íþróttanefndar er:

- að fara með málefni í íþrótt- og tómsundamálum bæjarins
- að fara með málefni félagsmiðstöðvarinnar Skjólins
- að taka til umfjöllunar þau erindi sem nefndinni berast
- að vinna að eflingu heilbrigðs félagslífs og hollrar íþrótt- og tómsundaiðju

III. Markmið og verkaskipting

7. gr.

Hlutverk menningar-, tómsunda- og íþróttanefndar er m.a.:

- Að stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfssemi og hafa um það samstarf við félög, stofnanir, fyrirtæki og hópa sem starfa á því sviði.
- Að hafa forgöngu um menningarviðburði á Blönduósi í samráði við hagsmunaaðila. Nefndin hafi vegna starfa sinna til ráðstöfunar fjármagn sem samþykkt er í fjárhagsáætlun Blönduósbæjar ár hvert.
- Að gera tillögur til sveitarstjórnar um framlög til menningartengdra verkefna í tengslum við fjárhagsáætlun ár hvert.
- Að veita sveitarstjórn Blönduósbæjar umsögn um varðveislu og uppbyggingu gamalla húsa.
- Að vinna tillögur að stefnu bæjarins í menningar-, tómsunda og íþróttamálum, sem síðan verði lagðar fyrir sveitarstjórn.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsagnir um erindi og útgjöld sem tengjast menningarmálum.
- Að vera sveitarstjórn til ráðuneytis um skráningu listaverka í eigu Blönduósbæjar, merkingu þeirra og varðveislu.
- Að fylgjast með safnamálum á héraðsvísu og hvetja til samstarfs safna, aukinnar safnastarfssemi og sýningarhalds á Blönduósi.

Nefndin skal kappkosta að æskulýðsmál séu til fyrirmyndar í bæjarfélaginu og vinna að eflingu heilbrigðs félagslífs og hollrar íþrótt- og tómsundaiðju.

Nefndin hafi sem nánast samráð við skóla, félög og félagasamtök er hafa íþrótt- og tómsundamál á stefnuskrá sinni og komi að mótun málaflokksins. Nefndin skal leitast við að byggja upp öflugt félagslíf ungs fólks með þessum aðilum og stuðla að forvarnarstarfi í samráði við þá og starfsfólk bæjarins.

Nefndin skal fylgjast með æskulýðs- og tómsundamálum á vegum bæjarins og gera tillögur til úrbóta, hvort sem um er að ræða úrbætur til skamms tíma eða stefnumótun til lengri tíma.

Menningar-, tómsunda- og íþróttanefnd leggur fram tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur í þessum málaflokkum. Nefndin skal stuðla að góðum tengslum og samstarfi þessara aðila.

IV. Lög og reglugerðir

8. gr.

Í störfum sínum skal menningar-, tómstunda- og íþróttanefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Blönduósþéttar eins og hún er hverju sinni.